
Priðji fundur foreldrafélags GSS veturinn 20-21, 1. febrúar kl.20 rafrænn fundur

Mættir: Anna B., Kristbjörg, Sigrún Erla, Friðjón, Hafþór, Arna Dögg, Berglind Eva, María Kúld, Agnes, Steinunn Alva, Hrafnkell, Guðrún Svana, Sigga Lóa og Tseveen.

Fundarstjóri: Sigga Lóa

Öskudagurinn ræddur. Gildandi samkomutakmarkanir verða í gildi á öskudag að öllu óbreyttu. Skólinn ætlar að vera með öskudagsgleði í íþróttahúsinu á skólatíma fyrir alla nemendur Grunnskólans. Þessu fyrirkomulagi fagnað í ljósi aðstæðna. Þá var það rætt hvað hægt er að gera fyrir börnin eftir að skóla lýkur og hugmyndum kastað fram. Það rætt hvort hægt sé að hafa öskudagsgöngu og þá hvernig hún framkvæmist í samræmi við sóttvarnarlög. Hugmynd kom fram að hafa öskudagsgleði í Hólmgarði í stað göngunnar þar sem kötturinn er selginn úr tunnunni og jafnvel eitthvað fleira skemmtilegt. Þessar hugmyndir ræddar og aldursskipting. Jafnvel væri hægt að gera bæði og aldursskipta.

Ákveðið að mynda fjögurra manna nefnd sem hittist og ræðir frekar þessar hugmyndir og framkvæmd.

Annar öskudagsfundur allrar stjórnarinnar verði svo haldinn mánudaginn 15. febrúar kl.20 á Teams til að heyra hvað nefndin litla hefur ákveðið og hver getur lagt hvað af mörkum á sjálfan öskudag (mæta í gæslu t.d.).

Gjaldkeri kynnti tillögur á breytingum á fyrirkomulagi prókúruhafa reikninga bekkjanna. Hann mun skrifa um þessar breytingartillögur á facebooksíðu Foreldrafélagsins til að kynna fyrir þeim sem ekki komust á þennan fund. Þá er hægt að setja málið formlega á dagskrá á þarnaesta fundi og kjósa til að lögfesta breytinguna.

Fundi slitið.

Ritari: Sigga Lóa